



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Akureyrarbær
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 11. júní 2008
Tilvísun: UST20080300128/ksj

Hafnarsvæði sunnan Glerár, Akureyri Deiliskipulag

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár á Akureyri ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu er tillögunni fylgir. Deiliskipulagstillagan felur í sér endurskoðun og sameiningu tveggja skipulagsáætlana, þ.e. deiliskipulag fiskihafnar og deiliskipulag vöruhafnar. Meginmarkmið með gerð skipulagsins er að tryggja aðstöðu og rekstrarskilyrði hafnarstarfsemi á Akureyri. Markmið með breytingum á gatnakerfinu er að bæta aðkomuleiðir að hafnarsvæðinu, færa þungaumferð fjær íbúðarbyggðinni á Oddeyri og afmarka hafnarsvæðið á skýrari hátt en nú er.

Deiliskipulagið afmarkast af Hjalteyrargötu og Laufásögötu milli Glerár og Strandgötu. Heildarflatarmál skipulagssvæðisins er um 36,5 hektarar. Fram kemur í greinargerð að þar af eru hafnarsvæði Oddeyartanga 33,5 hektarar og opið svæði milli Hjalteyrargötu og Laufásögötu er 0,5 hektarar, en ekki eru gerð grein fyrir 2,5 hekturum deiliskipulagssvæðisins.

Fram kemur í umhverfisskýrslu að breyta þurfi aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 vegna landfyllingar, en hún mun koma á svæði merkt L 3. Einnig kemur fram að landfyllingar eru samtals 1,5 hektari á 5 stöðum, mest á svæði merkt L3.

Í umfjöllun um landfyllingar segir í umhverfisskýrslu: „Landfyllingar eru undir viðmiðunarmörkum fyrir umhverfismat. Þrjár þeirra fela í sér lengingu eða breytingu á viðleguköntum. Engin þeirra hefur áhrif á óraskaða strönd.“ Ekki kemur fram hvernig staðið verður að gerð þeirra landfyllinga. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Samkvæmt sömu grein getur Umhverfisstofnun, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að tilteknum efnum og hlutum sé varpað í hafið. Opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, sem yfirleitt er varin að hluta með varnargörðum og efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Deiliskipulagstillagan felur í sér framkvæmdir er falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum

nr. 106/2000, sbr. umfjöllun í greinargerð með tillögunni. Framkvæmdir þessar eru: A) Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, en samkvæmt 11. lið í 1. viðauka laga nr. 106/2000 eru slíkar framkvæmdir ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. B) Tengibrautir í þéttbýli og breytingar og viðbætur við framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000. Samkvæmt lið 10.c og lið 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 eru þetta framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 er stefnt að því að öll strandlengjan innan bæjarmarka verði strandsvæði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreining í 9. og 10. grein reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að hafnarsvæðið yrði þá manngert (sjá 4. grein vatnatilskipunar) strandsvæði í flokki B, en strandsvæði í flokki B er táknað með grænum lit sbr. 9. grein reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Beðist er velvirðingar á því hversu langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun